



Minnisblað til fræðslunefndar Mosfellsbæjar

Efni: Minnisblað starfsmanns

Dags: 14. október 2022

Málsnúmer: 202210276/13

Málsmeðferð: Til kynningar

Starfsmaður: Linda Udengård, Framkvæmdastjóri fræðslusviðs

Efni: Mælaborð um farsæld barna í Mosfellsbæ

Mosfellsbær hefur sett sér nýja menntastefnu og mikilvægt er að samhliða henni verði til mælaborð til að meta ýmsa þætti skóla- og frístundastarfs. Slíkt mælaborð mun einnig nýtast verkefninu „Barnvænt samfélag“ sem snýr að því að innleiða Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna með markvissum hætti inn í alla stjórnsýsluna og starfsemi Mosfellsbæjar.

Nokkur sveitarfélög eru með opin mælaborð á sinni heimasíðu um heilsu og líðan barna eins og til dæmis Kópavogur:

<https://kopavogur.nightingale.is/Indices/SpiReport/a0531733-66c8-403d-973e-5f0268ec11f9?real=true&DateFromFilter=01-01-2001&DateToFilter=01-01-2022&DateDifferenceFilter=01-01-2020&sidebar=hidden>

Mennta- og barnamálaráðuneytið hefur vísað á mælaborð Kópavogsbæjar fyrir önnur sveitarfélög. Á næstu vikum mun hins vegar verða breyting á og verið er að leggja lokahönd á annað mælaborð um farsæld barna í ráðuneytinu. Mælaborðið byggir meðal annars á niðurstöðum frá Íslensku æskulýðsrannsókninni, hér má sjá þann hluta sem snýr að skólum: <https://mvst.rhi.hi.is/iae/>.

Í kynningu barna- og menntamála á mælaborði um farsæld barna sem fór fram á fjármálaráðstefnu sveitarfélag þann 13.10 sl. kom meðal annars fram að hægt verður sjá í birtingarmynd mælaborðsins heildstæða mynd af farsæld barna á Íslandi, skoða landshluta, einstaka sveitarfélög og fá ýtarlegri g upplýsingar niður á hverfi og skóla. Hér má sjá kynningu ráðherra á ráðstefnunni, Ráðherra byrjar að tala eftir 6 klst. (6.13).

<https://www.samband.is/vidburdir/fjarmalaradstefna-sveitarfelaga-2022/>.

Mosfellsbær líkt og önnur sveitarfélög fá aðgengi að mælaborði mennta- og barnamálaráðuneytis um farsæld barna og því er hyggilegast að biða með frekari þróunarvinnu þar til ljóst verður hvaða mælipætti hægt verður að skoða. Þegar mælaborð mennta- og barnamálaráðuneytis verður tilbúið mun það verða kynnt fyrir fræðslunefnd.

Virðingarfyllst

Linda Udengård

Framkvæmdastjóri fræðslu- og frístundasviðs